

## Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr. 15. og 16. gr. reglugerðar þessarar. Sveitarstjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv. 7. gr. laga nr 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

### Efnisyfirlit

<b>Almennar upplýsingar</b> .....	<b>2</b>
Leikskólar.....	2
Breytingar og viðhald.....	4
<b>Námskrá - stefna</b> .....	<b>5</b>
Uppeldisstarf, áherslur, markmið og matsaðferðir.....	5
Skipulag.....	5
<b>Starfið síðastliðið leikskólaár</b> .....	<b>6</b>
Starfsáætlun.....	6
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður.....	6
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.....	7
Stytttri kynnisferðir:.....	7
Lengri ferðir:.....	7
Menningarviðburðir:.....	7
Aðrar skemmtanir:.....	8
Kynning á leikskólanum út á við:.....	8
<b>Starfsmenn</b> .....	<b>8</b>
Stöðugildi.....	8
Fundir.....	8
Skipulags- og námskeiðsdagar.....	9
<b>Börn</b> .....	<b>9</b>
Fjöldi barna.....	9
Sérkennsla.....	9
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	<b>10</b>
Áherslur og markmið.....	10
Foreldrafundir.....	10
Foreldraviðtöl, fréttabréf.....	10
Opið hús.....	10
Foreldrafélög.....	10
<b>Samstarf - fræðsla - ráðgjöf</b> .....	<b>11</b>
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.....	11
Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar.....	11
Samstarf við grunnskóla.....	11
Öryggismál.....	11
Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur og fl.....	12
<b>Lokaorð</b> .....	<b>13</b>

## Almennar upplýsingar

### Leikskólar

Reykjanesbær rekur sjö leikskóla. Starf allra leikskólanna grundvallast á lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 1. júlí 1999.

Hér á eftir fer yfirlit yfir starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ ásamt helstu áherslum í leikskólastarfi í hverjum skóla ásamt og öðrum upplýsingum.

**Garðasel Hólmgarði 4 - sími: 421-3252 netfang: gardasel@reykjanesbaer.is**

**Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir.**

Leikskólinn Garðasel tók til starfa 1974. Flatarmál húsa er 746,4 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 366,1 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 3.504 m<sup>2</sup>. Garðasel er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Í leikskólanum geta dvalið allt að 112 börn samtímis. Útivistarsvæði er bæði stórt og gott.

*Í leikskólanum er lögð áhersla á áhuga, hreyfingu, virkni, samvinnu og reynslu barnsins í gegnum leikinn. Til að örva þessa þætti þarf að gera umhverfið áhugavert og leiðir skólans eru markviss hreyfing þ.e. skipulagðar hreyfistundir og útivera, skapandi starf, og hópastarf þ.e. kraftgangur/vettvangsferðir, þemavinna og einingarkubbar. Með þessu læra börnin að vinna saman, taka tillit til hvers annars, virða rétt annarra, bera virðingu fyrir sjálfum sér og læra einfaldar samskiptareglur.*

**Gimli, Hlíðarvegi 7 - sími: 421-5707 netfang: gimli@reykjanesbaer.is**

**Leikskólastjóri: Sigurbjört Kristjánsdóttir.**

Leikskólinn Gimli tók til starfa 1971. Flatarmál húss er 400,7 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 184,1 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 3540 m<sup>2</sup>. Gimli var þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára, en er nú fjögurra deilda þar sem salurinn var tekinn undir starfsemi deildar. Í leikskólanum geta dvalið allt að 62 börn samtímis. Leikskólinn er staðsettur í gamalgrónu umhverfi.

*Leikskólinn starfar eftir Hjallastefnunni. Þessi stefna byggir á einfaldleika, ögun og sundurgreiningu. Hluti af þeirri stefnu er svonefnd kynjaskipting. Áhersla er lögð á að kjarna, það er að sundurgreina umhverfi. Þetta kemur fram í merkingarbæru, einföldu, nákvæmu og skýru starfsumhverfi. Hugmyndagrúnnur Hjallastefnunnar samanstendur af sex grundvallar þáttum sem eru eftirfarandi: - að mæta hverju barni eins og það er - aldurskiptir jafningahópar og fastur hópstjóri – kynjaskipting á ákveðnum stundum – sköpun í stað tilbúinna lausna – hófssemi í stað ofsóna, agi, rósemi og friður í stað streitu, ofbeldis og eineltis.*

**Heiðarsel Heiðarbraut 27 - sími: 421-1554 netfang: heidarsel@reykjanesbaer.is**

**Leikskólastjóri: Kolbrún Sigurðardóttir.**

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa 1990. Flatarmál húss er 592,2 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 272 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4798 m<sup>2</sup>. Heiðarsel er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Í leikskólanum geta dvalið allt að 84 börn samtímis. Leikskólinn stendur á fallegum stað með góðu útsýni yfir byggðina. Útivistarsvæðið er mjög skemmtilegt. Góðir möguleikar eru til vettvangsferða um nánasta umhverfi.

*Lögð er áhersla á einfaldleika í umhverfinu og opinn efnivið. Með því telur starfsfólk að barnið sjálft sé í fyrirrúmi og fái að njóta sín sem einstaklingur á sínum forsendum í leik og starfi. Barnið lærir að skapa og leita lausna án þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir.*

**Hjallatún, Vallarbraut 20 – sími 421-7404 netfang: hjallatun@reykjanesbaer.is**

**Leikskólastjóri: Gerður Pétursdóttir.**

Leikskólinn Hjallatún tók til starfa 2001. Flatarmál húss er 659,80 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 333 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4480 m<sup>2</sup>. Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í bænum. Hjallatún er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Í leikskólanum geta dvalið allt að 97 börn samtímis.

*Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Í leikskólanum er lögð áhersla á nærveru og hlýju. Leitast er við að efla tilfinningagreind barna og leggja grundvöll að því að þau verði sjálfstæð, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.*

**Holt Stapagötu 10 - sími: 421-6100 netfang: holt@reykjanesbaer.is**

**Heimasíða: reykjanesbaer.is/holt**

**Leikskólastjóri: Kristín Helgadóttir.**

Leikskólinn Holt tók til starfa 1985. Flatarmál húss er 300 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 151 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4100 m<sup>2</sup>. Holt er tveggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Í leikskólanum geta dvalið allt að 46 börn samtímis. Umhverfi leikskólans býður upp á afar skemmtilega möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir jafnt sumar sem vetur.

*Markmið leikskólans er að hver og einn einstaklingur öðlist virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Lögð er áhersla á að nýta frjálsan leik markvisst sem uppeldistæki. Leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stund er hafður í fyrirrúmi í allri starfseminni. Í leikskólanum er lögð áhersla á tónlistaruppeldi en undanfarin ár hefur starfsgrundvöllur leikskólans miðast við tónlistar- og hreyfiuppeldi.*

**Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 - sími: 421 4204 netfang: tjarnarsel@reykjanesbaer.is**

**Heimasíða: reykjanesbaer.is/tjarnarsel**

**Leikskólastjóri: Inga María Ingvarsdóttir.**

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjanesbæjar, en hann hóf starfsemi 1967. Flatarmál húss er 601 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis 304,6 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 1840 m<sup>2</sup>. Tjarnarsel er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Í leikskólanum geta dvalið allt að 84 börn samtímis. Leikskólinn er í hjarta bæjarins í gamalgrónu hverfi.

*Starfsemin byggir á einfaldleika þar sem reynir á ímyndun, sköpun og skynjun barnsins. Lögð er áhersla á að rækta tillitsemi, vináttu og kærleika á milli barna og starfsfólks. Að hver einstaklingur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans hefur einkennt starfið í leikskólanum ásamt umhverfismennt. Vettvangsferðir, umhverfismennt og lífsgleði eru aðaláhersluþættir í námskrá leikskólans.*

**Vesturberg, Vesturbraut 13- sími 421-7079 netfang: vesturberg@reykjanesbaer.is**

**Leikskólastjóri: Brynja Aðalbergsdóttir.**

Leikskólinn Vesturberg tók til starfa sumarið 1997. Hann er í tvílyftu húsi og staðsettur vestast í bænum. Flatarmál húss er 240 m<sup>2</sup>, nettóstærð leikrýmis er 111,2 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 1430 m<sup>2</sup>. Vesturberg er opinn leikskóli þar sem allt leikrými barnanna er sameiginlegt. Í leikskólanum geta dvalið allt að 37 börn samtímis. Umhverfið býður upp á mikla möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir.

*Í leikskólanum eru uppeldislegar áherslur einkum tvær, annars vegar að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna og hins vegar að virða frjálsan leik þeirra og líta á hann sem kjarna uppeldisstarfsins. Börnin fara frjálst um húsið og markmiðið er að bjóða börnunum upp á hlýlegan, skemmtilegan og örvandi stað sem vekur hjá þeim gleði, forvitni og frumkvæði auk þess að efla sjálfstæði þeirra og jákvæða sjálfmynd.*

## **Breytingar og viðhald**

Fyrir utan hefðbundið viðhald innandyra sem utan á sl. skólaári þ.e. frá 1. september til 31. ágúst 2002 var farið í stórframkvæmdir í Garðaseli. Leikskólarnir eru vel búnir tölvum og allir eru þeir tölvutengdir. Faxtæki er í öllum leikskólum bæjarins. Almennt má segja að leikskólarnir séu vel tækjum búnir og í Vesturbergi er leirbrennsluofn sem hinir leikskólarnir geta nýtt sér. Snyrting lóða var með venjubundnum hætti og skipt um sand í sandkössum.

**Garðasel:** Síðastliðið sumar var unnið að miklum endurbótum á húsnæði leikskólans og voru verklok 20. september sl. Leikskólinn starfaði í tveim aðskildum byggingum sem nú hafa verið samtengdar með nýrri byggingu sem leiðir ekki aðeins til þess að húsrými eykst verulega heldur er af henni mikið hagræði. Fataklefar eru nýir og í tengibyggingu er skrifstofa leikskólastjóra, undirbúningsherbergi og sérkennsluherbergi. Eldhúsið var stækkað sem nam því húsnæði sem áður var skrifstofa leikskólastjóra. Ný innkeyrsla var gerð að leikskólanum Hólmgarðs megin. Eldra húsið var allt málað að innan og allur leikskólinn málaður að utan. Settir voru nýir gólfdukar þar sem þurfti. Inni á Hvammi og Vörðu var innréttað herbergi með rennihurð þannig að nú er komið hvíldarherbergi fyrir þau börn sem þurfa að sofa.

**Gimli:** Leikskólinn var málaður að utan og lóð lagfærð. Keypt var mótuneytishræivél, þurrskápur endurnýjaður og ný gluggatjöld keypt á allar deildir. Einnig var sulluker keypt á árinu.

**Heiðarsel:** Bætt var við fatahólfum á allar deildir. Skápur í undirbúningsherbergi var færður fram á gang. Skipt var um timbur í brú við kastalann á útisvæði.

**Hjallatún:** Yfirfara þurfti ofna og glugga í öllum skólanum, rafmagnsdósir, tengla, rofa og slökkvara. Gluggar voru settir í tvær hurðir, annar á skrifstofu leikskólastjóra og hinn í eldhúshurð. Farið var fram á að haldið yrði áfram að setja krossvið á fleiri gipsveggi en einungis var sett á einn vegg en aðrir málaðir m.a. öll hvíldarherbergin.

**Holt:** Skápur var keyptur í salinn undir hljóðfæri og tæki. Hillur settar upp í fataklefa fyrir töskur og einnig í hvíldarherbergi fyrir dýnur. Á útisvæðið var sett hlið í girðinguna sem snýr út út að móanum.

**Tjarnarsel:** Viðhald lóðar og leiktækja var skipt niður á tvö ár. Á seinna árinu var gert við grindverk og það að hluta til endurnýjað, settir nýir bekkir, nýr leikfangaskúr og gróðursett tré og torf sett á hólinn svo e-ð sé nefnt.

**Vesturberg:** Efri hæð hússins var máluð ásamt stigagangi, ofn lagaður í Rósaseli og tengibox fyrir sjónvarp fest í Grófinni. Skipt var um glugga í Vinaminni og lokað fyrir annan með rimlum. Hillur voru settar fyrir ofan leirbrennsluofn, sulluker lagað og nýr bökunarofn settur í eldhúsið. Allt húsið var málað að utan, hellur lagaðar á hringtorgi, farið yfir viðarborð á sandkassa og bætt við mól undir rólum.

## Námskrá - stefna

### Uppeldisstarf, áherslur, markmið og matsaðferðir

Leikskólar Reykjanesbæjar byggja starf sitt á lögum um leikskóla nr.78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 og aðalnámskrá sem tók gildi 1. júlí 1999. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra.

Leikskólustarf byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði sem sótt er til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna enda sýna rannsóknir að lítil börn læra og þroskast best í leik.

Hver skóli hefur frelsi til að móta innra starf og áherslur í skólustarfinu eftir því sem uppeldisáætlun leyfir. Hér er átt við innra skipulag skólans og val á kennsluáðferðum og áherslum. Áherslur eru mismunandi og ráðast af þeirri uppeldisstefnu sem ákveðin er hverju sinni. Barnið er stöðugt í brennidepli og unnið er með alla verkþætti í samræmi við getu og þroska þess.

Í öllum leikskólunum er leikurinn helsta „kennslutæki“ leikskólakennarans og því er lögð rík áhersla á að hlúa að honum frá fyrstu tíð.

Mikið er lagt upp úr sjálfstæði, frumkvæði og sjálfsvirðingu barnanna og að gagnkvæm virðing ríki í samskiptum innan leikskólanna. Lögð er áhersla á fjölbreytilegt og skapandi leikefni og leikaðstöðu. Stuðlað er að vináttu, kurteisni og aga.

Matsaðferðir eru mótaðar innan hvers leikskóla. Símat á innra starfi leikskólanna er í sífelldri þróun. Í sumum leikskólum er starfið endurmetið í lok hvers skólaárs meðan aðrir meta starfið jafnóðum. Allar upplýsingar nýtast á margvíslegan hátt og eru ræddar bæði á deilda- og starfsmannafundum. Í öllum skólunum er gerð könnun á hreyfigetu barnanna, svokallað MOT hreyfiþroskapróf, þroskapróf AAL og málþroskaprófið Orðaskil er notað í sumum leikskólunum. Íslenski þroskalistinn er notaður í öllum leikskólunum, niðurstöður prófanna eru síðan ræddar við foreldrana. Ecers kvarðinn var einnig nýttur í nokkrum leikskólum, kvarðinn er mælitæki yfir gæði í leikskólustarfi með börnum og líðan starfsfólks í starfi. Greiningartækið Hljóm-próf í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum, var lagt fyrir börnin í öllum leikskólunum.

### Skipulag

Leikskólarnir eru opnaðir kl. 7:30 á morgnana fyrir utan einn sem opnaður er kl 7:45. Grundvalartími barna er ýmist frá kl. 8:00-12:00 fyrir hádegi eða kl. 13:00-17:00 eftir hádegi. Hægt er að bæta við tíma bæði fyrir framan og aftan grunntímann. Tveir leikskólarnir voru opnir til kl.18:00, þrír til kl.18:15, einn var opin til kl. 17:15 og einn til 17:30. Heimild er fyrir því ef ekki er eftirspurn að stytta opnunartímann um 15 mínútur í byrjun og enda dags.

Í öllum leikskólunum er eldhús og boðið er upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu.

Morgunverður er á tímabilinu 8:00 til 9:00, öll börn sem eru fyrir hádegi fá morgunverð. Að morgunverði loknum tekur hefðbundið leikskólustarf við s.s. frjáls leikur, val, samverustund, hópavinna, útivera, vettvangsferðir o.s.frv. Hádegisverður er á tímabilinu 11:30 til 12:15. Í einum leikskólanum matast börnin saman í borðsal en í öðrum inn á deildum. Eftir matinn er hefðbundið leikskólustarf, öll börn sem eru eftir hádegi fá síðdegishressingu.

Fastar vinnustundir eru á ákveðnum tímum dags. Hinn frjálsi leikur, val og hópavinna eru leiðir í uppeldisstarfinu sem leikskólarnir nota. Valkerfi, skipulagt hópustarf og vinnustundir eru í flest öllum leikskólunum. Skipulagðar hreyfistundir eru í flestum leikskólum en í *Gardaseli* hefur verið skipulögð leikfimiáætlun um árabíl. Á *Gimli* er dagskrá sem inniheldur endurtekningar, festu, öryggi og jafnvægi þar sem gleði, kærleikur og jákvæðni er ríkjandi. Í *Heiðarseli* er lögð áhersla á gæði en ekki magn við val á leikföngum og efnivið. Á *Hjallatúni* er leikskólanum skipt í tvær sjálfstæðar einingar er nefnast Austur- og Vesturgangur. Í hvorum gangi er svæðaskipting þar sem börnin fara frjálst á milli svæða. Á *Holti* er starfandi tónmenntakennari sem er með tónlistarstund einu sinni í viku. Í *Tjarnarseli* hafa vettvangsferðir verið í hávegum hafðar en jafnframt er lögð áhersla á hreyfingu, samskipti, uppgötvun og lífsgleði. Á *Vesturbergi* er ekki hefðbundin deildaskipting heldur er leikskólanum skipt í sjö svæði og fá börnin að velja sér svæði eftir eigin vali. Hver starfsmaður sinnir sínu svæði, eina viku í senn.

Í hverjum leikskóla eru skólatímar/vísdomsstundir. Markmiðið er að kynna skólareglur, orð og hugtök. Flestir leikskólanna nýta sér kennslufnið: Órtúleg eru ævintýrin og Markviss málörvun. Lögð er áhersla á að eiga skemmtilegar og fræðandi stundir.

Foreldrasamvinna er í fyrirrúmi í öllum leikskólunum.

Enn sem fyrr unnið að því að fjölga börnum í hádegismat og koma þannig til móts við óskir foreldra og verður haldið áfram á þeirri braut.

Leikskólar Reykjanesbæjar eru lokaðir í fimm vikur í sumarleyfi. Skólaskrifstofan gerði skoðunarkönnun um sumarlokun og opnunartíma leikskólanna meðal foreldra barnanna í október 2001. Svarendur voru foreldrar barna sem byrjuð í leikskólanum 1. maí 2001 eða fyrr. Alls 409 foreldra fengu könnunina. Svör bárust frá 146 foreldrum eða 35,7 %. Ákveðið var að hafa óbreytt ástand þ.e.a.s. loka leikskólunum eins og venja hefur verið.

## Starfið síðastliðið leikskólaár

### Starfsáætlun

Starfið er árstíðabundið og mótast af því. Sumarmánuðurnir eru nýttir til útiveru og vettvangsferða. Starfið yfir sumarið einkennist mikið af aðlögun nýrra barna. Á veturna er mikið lagt upp úr ýmiss konar starfsemi s.s. hópstarfi, söng- og samverustundum.

Í *Gardaseli* var þema ársins líkaminn. Meginmarkmiðið var að börnin fengju tækifæri í örvandi og skapandi umhverfi til að uppgötva: Hver er ég og hvað veit ég og get. Á *Gimli* hefur gengið vel að vinna eftir Hjallastefnunni. Markmið og áherslur skólans eru að kjarna, þ.e. sundurgreina umhverfi, að umhverfið sé merkingarbært, einfalt, skýrt og ábyrgt. Í *Heiðarseli* var verið með vinnustundir fjórum sinnum í viku. Þar unnu hóparnir með þann efnivið sem höfðar til þeirra á hverjum tíma fyrir sig s.s. myndlist, hreyfingu inni og úti, tónlist, leikræna tjáningu og einingakubba. Á *Hjallatúni* var lögð áhersla á að halda áfram að móta og þróa starfið í samstarfi við starfsfólk skólans. Unnið var áfram að því að fræða og kenna nýju starfsfólki og gera það öruggara í starfinu með börnunum. Á *Holti* var þema ársins vinátta og samskipti. Hópstjórar sáu sjálfir um að skipuleggja sínar vinnustundir í samvinnu við þá sem voru með sama aldurshóp. Markmiðið með vinnustundum á að vera leikgleði og að börnin séu ánægð og fái verkefni við sitt hæfi. Í *Tjarnarseli* var verkefni haust- og vorannar kynnt á starfsmannafundum og fengu starfsmenn að koma með athugasemdir. Vel gekk að fylgja eftir áætlun skólans. Í *Vesturbergi* er mikið lagt upp úr því að börnin fái að njóta sín sem mest og best. Í öllu daglegu starfi er leikurinn í aðalhlutverki. Mikið er lagt upp úr því að börnin fái notið bernsku sinnar sem mest og best. Sjálfsákvörðunarrétti barna er sýnd virðing og trúað á getu þeirra til að vita hvað þeim kemur best. Börnin fara frjálst um húsið og virt er val þeirra á vinnu og verkefnum.

### Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat er tekið fyrir á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Foreldraviðtöl er í öllum leikskólum. Viðhorfskönnun var gerð meðal foreldra í nær öllum leikskólum. Niðurstöður úr könnunum eru nýttar við skipulagningu starfsins í leikskólanum. Í öllum leikskólunum eru starfsmannaviðtöl fastur liður í skipulagi leikskólans og hefur það tekist með ágætum. Í þessum viðtölum er kannaður m.a. hugur starfsfólks til starfsins og til þess hvort því finnst mannaúður þess metinn og nýttur sem skyldi. Síðastliðinn vetur unnu leikskólstjórar í Reykjanesbæ sameiginlega starfsmannahandbók fyrir leikskólana í Reykjanesbæ. Leikskólarnir gera ársskýrslu fyrir hvert skólaár sem stendur frá 1.september til 31.ágúst.

### Þróunar- og nýbreytnistarf

Í reglugerð um starfsemi leikskóla er kveðið á um að leikskólar skuli meta aðferðir við uppeldisstörf. Talsverð reynsla er fyrir hendi meðal starfsfólks leikskóla og síffellt er verið að meta starfið með börnunum. Það sem betur má fara er lagað og nýju námsefni bætt við.

Í ársskýrslum leikskólanna er að finna upplýsingar um flest sem varðar skólastarfið. Eftirtaldir leikskólar hafa gefið út skólanámskrá: Vesturberg, Heiðarsel, Hjallatún og Tjarnarsel. Aðrir leikskólar vinna að gerð skólanámskrár en eru mismunandi langt komnir með verkið. Bæjar- og héraðsbókasafn Reykjanesbæjar bauð leikskólunum að venju að hengja upp myndir barnanna í bókasafninu yfir sumarmánuðina. Þetta er orðið að fastri venju sem er komin til að vera.

Í *Garðaseli* var ákveðið að aldursblanda deildum aftur. Skipt var um nöfn á deildum og heita þær: Þúfa áður Bangsadeild, Lundur áður Blómadeild, Hvammur áður Kisudeild og Varða áður Hvolpadeild. Morgunverðartíminn var lengdur um hálf tíma og er nú frá kl. 8:00 til 9:00. Dagskipulag og val skólans var endurskoðað og því breytt. Á *Gimli* hóf þroskajálfi störf um haustið og hefur hann yfirumsjón með sérkennslunni, þykir þetta góður fengur fyrir skólann. Unnið er að gerð heimasíða og haldið er áfram með gerð starfsmannahandbókar. Enn sem fyrr voru leikskólarnir *Gimli og Holt* með skólatímana strax að hausti. Góð samvinna var milli þessara tveggja skóla og Njarðvíkurskóla en kennarar beggja skólastiganna funduðu reglulega yfir veturinn til að samræma kennslu yngstu barna grunnskólans og elstu barna leikskólans. Í *Heiðarseli* var íþrótta- og umhverfismánuður í byrjun sumars. Hreyfing og umhverfi var þema mánaðarins. Farið var m.a. í hjólaferðir á þríhjólum, útileiki og gönguferðir um allan bæ. Settar voru niður kartöflur og sáð fyrir blómum. Tölvur eru komnar inn á allar deildir fyrir börnin. Beyting varð á verkefnum elstu barna um áramót. Unnið var með lífsleikni, Ótrúleg eru ævintýrin, Markvissa málörvun, einingarkubba og farið í vettvangsferðir í vinnustundum fjórum sinnum í viku. Á *Hjalltúni* var aðalverkefnið í nýjum leikskóla að móta starfið. Unnið var að því að þróa svæðaskiptingu og valkerfi starfsfólks innan hennar. Einnig er verið að þróa starfið með skólahóp og einnig stutt þematengd verkefni sem tókust vel á síðasta starfsári. Á *Holti* var haldið áfram að vinna að endurvinnslu og náttúruvernd en sú vinna hófst vorið 1999. Í *Tjarnarseli* var uppskeruhátíð haldin í tengslum við uppskeru í skólagörðum leikskólans. Hátíðin var haldin í september og Hólmi Friður Snorradóttir, rithöfundur var á hátíðinni og las úr bók sinni *Álfarnir í Grænaðal*. Feðrum var boðið í kaffi á bóndadeginum en mæðrum á konudeginum. Mæting var góð báða dagana. Íþróttagar voru tveir, annar haldinn inni en hinn úti, tókust þeir með ágætum. Minningabók var nýbreytni í skólanum. Foreldrar nýrra barna eru beðnir um að koma með möppu fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrar eru þá búnir að setja í möppuna myndir af fjölskyldunni, skrifa nokkur orð um fyrstu æviár barnsins og annað sem barninu er kært. Leikskólinn tekur við möppunni til þess að viðhalda henni og þetta verður síðan minningabók um leikskóladvöl barnsins. Vefsíða leikskólans leit dagsins ljós í janúar 2002. Sigurbjört Róbertsdóttir sá um hönnun síðunnar. Netfangið er [tjarnarsel@reykjanesbaer.is](mailto:tjarnarsel@reykjanesbaer.is) Í *Vesturbergi* hefur uppeldisstarfið verið í stöðugu endurmati frá því að leikskólinn var opnaður og enn er verið að skoða og endurmeta. Ákveðið var að skipta barnahópnum upp í litla hópa þar sem hópstjóri ber ábyrgð á hópnum. Inn í hópasamveruna fléttast leynistaðferðir og fagnaðarfundir ásamt öðru. Þótti þetta fyrirkomulag takast með ágætum og verður þetta að markvissum þætti í leikskólastarfinu í skólanum. Í leikskólanum er eldhúsið þannig búið að ekki er hægt að sinna matseld og er því eldað fyrir leikskólann og sér fyrirtækið Matarlist um það. Þetta er nokkuð dýrara þó svo sparaður sé starfskarftur.

### **Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.**

Farið var í vettvangsferðir um nágrenni leikskólanna s.s.

### **Stytttri kynnisferðir:**

Könnuð nokkur áhugaverða svæði eins og Nónvörðuna, Vatnsholtið, Hrauntúnsholtið Skólaholtið skruðgarðinn, lögreglustöðina, slökkvistöðina, Bergið/smábátahöfnina, tannlæknastofur, Grænas, Barnalund, skruðgarðinn í Njarðvík, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, skoðuð ýmis útilistaverk bæjarins s.s. Mánahestinn og Hvorki fugl né fiskur.

### **Lengri ferðir:**

Fræðrasetrið í Heiðmörk í Kópavogi, Fiskimarkað Suðurnesja, Fræðrasetrið í Sandgerði, Mamma Mía – “pizzustaður,” Garðsskagavita – gengið um fjöruna, Sæfiskasafnið í Höfnum, Hafnir/Sandvík - gengið um fjöruna og fl.

### **Menningarviðburðir:**

- Bókasafnið var með skipulagðar sögustundir.
- Tónlistarskólarnir buðu upp á árlega kynningu á starfsemi skólanna en einnig fóru nemendur tónlistarskólans í leikskólann og léku fyrir börnin.
- Grunnskólarnir heimsóttir - börnin fengu að fylgjast með í kennslustundum.
- Kirkjuferðir í tengslum við jólahátíðina.
- Leiksýningar: Kárius og Baktus, Móguleikhúsið með Lóma mér er alveg sama þótt einhver sé að hlæja að mér, Þórdís Arnljótsdóttir, leikkona sýndi leikrit um íslensku jólasveinana, Mjallhvít/Helga

Arnalds. leikari. Frumleikhúsið með Ævintýri Kuggs og Málfríðar, brúðuleiksýning Álfarnir í Grænadal flutt af nemendum grunnskólans í Sandgerði. Leiksýning í tösku sem Þórdís Arnljótsdóttir flutti um Grýlu og jólasveinana. Helgileikur í flutningi barnanna undir stjórn Grétu Eiríksdóttur, brúðuleiksýning í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.

- Byggðasafn Suðurnesja og Byggðasafn Innri-Njarðvíkur - gluggað í liðna tíð.
- Stekkjarkot - kynning á fornum búskaparháttum.
- Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, dagskrá helguð Jónasi Hallgrímssyni. Elstu börnin í leikskólunum komu saman í Frumleikhúsinu og fluttu ýmis skemmtiatriði við mikinn fögnuð viðstaddra.

#### Aðrar skemmtanir:

- Haldið er upp á þorrann, bollu-, sprengju- og öskudaginn með mismunandi hætti. Þá voru ýmsar aðrar skemmtanir haldnar s.s. fjölskyldudagur, jólaball, sumarhátíð, grillveisl, hjóladagur, fagnaðarfundir, haldið upp á 30 ára afmæli eins leikskólans, sólarkaffi/foreldrum boðið í morgunkaffi. Skemmtikraftar heimsóttu leikskólana og héldu sýningu. Útskriftarferð með elstu börn leikskólans er árviss viðburður. Farið er í dagsferð.

#### Kynning á leikskólanum út á við:

Nokkuð var um það að einstaklingar og hópar heimsæktu suma leikskólana og kynntu sér starf þeirra. Í nokkrum leikskólunum eru ömmu- og afadagar þar sem þeim er boðið að koma og sjá börnin í leik og starfi og þyggja veitingar, þótti þetta takast með ágætum. Besta kynning á starfi leikskóla er e.t.v. vitnisburður foreldra, það orðspor sem af leikskólanum fer. Tveir leikskólarnir eru komnir með heimasíðu en það auðveldar mjög kynning á leikskólanum.

## Starfsmenn

#### Stöðugildi

Stöðugildi í leikskólum Reykjanesbæjar í október 2001 voru 123,74 þar af voru 36,64 stöðugildi leikskólakennara og þroskaþjálfara. Ræsting er ekki meðtalin. Starfsmenn voru alls 151 þar af 34 leikskólakennarar og 2 þroskaþjálfarar.

#### Fundir

Starfsmannafundir voru haldnir einu sinni í mánuði utan vinnutíma. Hluti þessara funda er oft nýttur til deildafunda eða deildarstjórafunda í nokkrum leikskólum. Efni fundanna er mismunandi. Dæmi um fundarefni er að leikskólakennarar kynna ýmis valin efni fyrir hópnum. Á starfsmannafundi eru stundum fengnir fyrirlesarar. Fundir eru skráðir í fundagerðabækur.

Deildarfundir voru almennt haldnir einu sinni í mánuði. Dæmi um fundarefni er að koma saman og ræða ákveðin mál sem upp koma hverju sinni, vinnutilhögun á deildum, samræmingu og samskipti eða útfærslu á verkefnum. Einnig er rætt um einstaka barn eða hópinn sem heild.

Deildarstjórafundir voru haldnir, í flestum leikskólum, einu sinni mánuði. Á þessum fundum er rætt um heildarmarkmið leikskólans og starfsemina í heild. Upplýsingum er komið á framfæri og tengsl milli deilda eru styrkt.

Fagfundir voru haldnir (leikskólakennarar og leikskólastjóri) voru haldnir í nær öllum leikskólunum ýmist á vinnutíma eða utan hans. Þar komið á framfæri upplýsingum er fram koma á milli starfsmannafunda og sameiginlegar ákvarðanir teknar fyrir allan leikskólann. Á þessum fundum er allt faglegt starf leikskólanna skipulagt og endurmetið.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra voru haldnir eftir þörfum. Þar voru ræddar ýmsar ákvarðanir vegna starfsmanna, barna og foreldra eða reksturs leikskólans almennt. Stjórnunartími aðstoðarleikskólastjóra fer eftir stærð leikskóla þ.e.a.s. visst prósentuhlutfall af vinnuskyldu utan deildar.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru 4 klst. á viku miðað við fullt starf en leikskólakennarar með deildarstjórn hafa 5 klst. á viku miðað við fullt starf. Leiðbeinendur fá 2 klst. á viku miðað við fullt starf. Tímarnir eru nýttir til ýmiss konar vinnu- og starfsáætlunargerðar. Í sumum leikskólum skila starfsmenn

skýrslu til leikskólastjóra með upplýsingum hvernig tíminn var nýttur. Undirbúningstímar eru hluti af vinnutíma.

Fundir vegna leik- og grunnskóla, Brúum bilið, voru reglulega í vetur með leikskólafulltrúa, árgangastjóra 1. bekkjar í Njarðvíkurskóla ásamt fulltrúum frá Gimli og Holti.

Skóla- og fræðsluráð er stjórnarnefnd leik- og grunnskólanna, hún mótar ýmsar reglur um leikskólamál og fjallar um þau erindi sem henni berast. Nefndin gerir tillögur til bæjarráðs um ýmis mál er varðar leikskólana. Formaður nefndarinnar er Árni Sigfússon. Fulltrúi starfsfólks leikskólanna og foreldra eiga fulltrúa í nefndinni. Þeir fulltrúar eru með málfrelsi og tillögurétt en hafa ekki atkvæðisrétt. Alls sex fundir voru haldnir varðandi leikskólana á skólaárinu.

### **Skipulags- og námskeiðsdagar**

Skipulagsdagar voru þrír. Einn þeirra er á fyrsta degi eftir sumarfrí. Á skipulagsdögum skipuleggur starfsfólk starfið framundan og forgangs röðun verkefna er ákveðin. Á skipulagsdögum eru iðulega fengnir fyrirlesarar. Starfsmenn leikskólans Heiðarsels fóru í náms- og kynnisferð til Edinborgar. Skoðaðir voru þrír einkareknir leikskólar. The Edinburgh Academy, The Mary Erskine and Stewart's Melville Junior School, og Cargilfield Scotlands's Furst Preparatory School. Starfsmenn skiluðu inn skýrslu til Skólaskrifstofunnar þar sem sagt er frá ferðinni. Leikskólastjórar skila til leikskólafulltrúa yfirliti yfir vinnu á skipulagsdögum. Fyrirlestrar á skipulagsdögum voru:

Leikskólarnir eru lokaðir á skipulagsdögum og er það auglýst með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Yngstu börnin – Sigríður K. Sigurðardóttir, kennari við KHÍ.

Hjallastefnan – Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri og Lilja Sigurðardóttir, rekstrarfulltúi.

Vinumarkaðurinn – Eyþór Eðvarðsson, vinnusálfræðingur.

Kynning á SOS námskeiði – Björk Snorrardóttir, leikskólakennari og Sonja Sigurjónsdóttir, leiðbeinandi.

Næsta nágreppi – Þorvaldur Arnason, náttúrufræðingur.

Fjölgreindarkenning og tilfinningagreind Howards Gardners og Daniels Golemans – Gerður Pétursdóttir.

Markvissar vettvangskennningar út í náttúrunni – Anna María Kjærnsted, leikskólakennari.

Tvítyngd börn – Kolbrún Vigfúsdóttir, leikskólaráðgjafi.

Starfsmannastefna – Sigurbjört Kristjánsdóttir og S. Karen Valdimarsdóttir, leikskólakennarar.

Málproski – Signý Einarsdóttir, talmeinafræðingur.

## **Börn**

### **Fjöldi barna**

Í október 2001 dvöldu samtals börn í leikskólum Reykjanesbæjar. Í heilsdagsdvöl voru börnin og í hálf dagsdvöl voru börn.

Börn fædd árið:	1996 voru	169
	1997 voru	177
	1998 voru	166
	1999 voru	117
	2000 voru	0

Í október 2001 voru 256 börn á biðlista eftir leikskóladvöl þar af 67 eins árs. Samanlögð barngildi voru 716,3 og dvalarstundir 4.308.

### **Sérkennsla**

Alls fjörutíu og fjögur börn fengu sérkennslu í leikskólum bæjarins en þessi börn eru alfarið í almennum deildum leikskólanna, einnig þau sem eru mikið fötluð. Þegar börn hafa verið greind með veruleg þroskafrávik er komið til móts við viðkomandi barn með því að bæta við starfsmanni á deild, hluta dvalartímans. Unnið er eftir reglum við úthlutun á stuðningstímum sem samþykktar eru af Skóla- og fræðsluráði og bæjarráði Reykjanesbæjar. Reglurnar byggja á fimm flokkum og hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrír flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir hvert sérkennslubarn.

Einu sinni í mánuði fundaði leikskólafulltrúi með sér-/stuðningskennurum eða þar til sérkennslufulltrúi kom til starfa 15. mars sl. en hann hélt uppteknum hætti hvað varðar fundina. Á þessum fundum var farið er yfir gerð einstaklingsnámskrár og sérfræðingar Skólaskrifstofunnar fluttu fyrirlestra.

## Foreldrasamstarf

### Áherslur og markmið

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum leikskólum. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum. Markmið félagsins eru að vinna að velferð barna, efla hag leikskólans og koma á sem bestu sambandi milli leikskólans og heimila barna. Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnum sínum og taka þátt í starfinu þegar þeir vilja. Mjög ör þróun hefur verið í leikslólamálum síðstliðin ár og er því gott foreldrasamstarf mikilvægt. Starfið í leikskólanum og áherslurnar þar hafa breyst mikið, þess vegna er nauðsynlegt að hafa góðan kynningarfund fyrir foreldrana í upphafi á leikskólagöngu barnsins

### Foreldrafundir

Foreldrarfundir gegna þýðingarmiklu hlutverki í leikskólunum. Foreldrarnir kynna starfsfólkinu, leikskólanum og hverjir öðrum. Foreldrafundir eru haldnir einu til fjórum sinnum á ári. Á haustfundum fengu foreldrar kynningu á starfsemi eins og hún er hverju sinni. Þessir fundir voru ýmist sameiginlegir fyrir allan leikskólann eða fyrir hverja deild. Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori. Á þessum fundum voru í sumum leikskólunum afhentar skólanámskrár. Enn sem fyrst var misjafnt hversu vel foreldrar/forráðamenn barnanna mæta á þessa fundi og þar sem mæting var slæm verður enn og aftur hugað að breyttu fyrirkomulagi í framtíðinni. Um vorið voru grillveislur í öllum leikskólum bæjarins og var foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum boðið að taka þátt í veislunni.

Við inngang á hverri deild er tafla þar sem daglega eru skráðar upplýsingar er varða ferðir, verkefni, val, matseðil vikunnar o.fl.

### Foreldraviðtöl, fréttabréf

Á hverjum vetri, eru foreldrar boðaðir í viðtöl vegna barna sinna. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða um barnið í fyllsta trúnaði. Foreldrar fá upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnar í hópnum með félögum. Þegar barnið byrjar í leikskólanum eru foreldrarnir boðaðir í viðtal hjá viðkomandi leikskólakennara og leikskólastjóra. Stefna leikskólans er kynnt fyrir foreldrum og þeir fá innsýn í starfið.

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfi í leikskólanum og skiptir máli fyrir nýja barnið og foreldra þess. Auk þess skiptir það máli að vel takist til með kynni nýja barnsins við hópinn og starfsfólk á deildinni. Hversu marga daga foreldrið er með barninu ræðst af barninu sjálfu og foreldrum þess.

Fréttabréf voru gefin út í öllum leikskólunum. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfunum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfinni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

### Opið hús

Opið hús var í leikskólunum þann 24. maí. Þar gafst bæjarbúum tækifæri til að koma og kynna sér starfsemi leikskólanna, skoða húsnæðið og sjá börn í leik og starfi. Leikskólarnir létu misjafnlega af deginum. Ömmu- og afadagur var í öllum leikskólunum sem þótti takast vel í sumum leikskólunum en aðrir kvörtuðu undan því að afar og ömmur létu ekki sjá sig. Hvað veldur verður að kanna.

### Foreldrafélög

Foreldrafélög eru starfandi við leikskólana og er starf þeirra nokkuð mismunandi í hinum ýmsu leikskólum. Markmið hvers félags er að efla tengsl foreldra við leikskólann og samskipti milli þeirra um málefni hans. Foreldrafélögin styrkja starfsemi leikskólanna með ýmsu móti s.s. jólaskemmtunum, náttfatadansleik, íþróttadegi, berjaferð, halda kökubasar, sveitarferð, sölu á flíspeysum með merki skólans í fjáröflunarskyni, halda sölusýning á verku barnanna, kaupa ýmis leiktæki og áhöld og taka bæði þátt í og

standa fyrir vorferðalögum barnanna. Foreldrafélögin hafa einnig staðið fyrir fyrirlestrum á fundum félagsins.

## Samstarf - fræðsla - ráðgjöf

### Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Skólaskrifstofa Reykjanesbæjar sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar.

Starfsmenn leikskóladeildar eru tveir leikskólafulltrúi og sérkennslufulltrúi í 100% hvor. Starfsmaður bæjarskrifstofunnar sér um innritun barna í leikskólana. Gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda. Hægt er að sækja um leikskóladvöl fyrir börn frá fæðingu en til þess að vera skráð á virkan biðlista verður lögheimili að vera í Reykjanesbæ. Tekið er á móti umsóknnum á bæjarskrifstofunum að Tjarnargötu 12 og Hafnargötu 57. Einnig geta þeir sem aðgang hafa að Netinu sótt raftænt um leikskólapláss á slóðinni reykjanesbaer.is. Mögulegt er að sækja um forgang fyrir barn í leikskóla ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi enda fylgi vottorð frá opinberum aðilum.

Sálfræðingar og talmeinafræðingar sinna börnum í leikskólunum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu.

Leikskólar fá einnig ráðgjöf frá Greiningarstöð ríkisins og Þroskahjálpa á Suðurnesjum Svæðisskrifstofu Reykjanes. Þá er samstarf við ýmsa aðila á vegum bæjarins s.s. skrifstofu, tæknideild, Þjónustumiðstöð, og Fjölskyldu- félagsþjónustu.

Leikskólafulltrúi hélt mánaðarlega fundi með leikskólastjórum. Fundarefni voru fagleg og rekstrarleg mál, einnig starfsmannamál. Þá fundaði leikskólafulltrúi með aðstoðarleikskólastjórum tvisvar á árinu þar sem farið var yfir starfssvið þeirra og formið á ársskýrslu. Leikskólafulltrúi fundaði einnig mánaðarlega með sér-/stuðningskennurum eða þar til sérkennslufulltrúi tók til starfa á Skólaskrifstofunni 15. mars sl. en hann mun sinna ráðgjafa- og eftirlitshlutverki varðandi börn með sérþarfir. Leikskólafulltrúi og leikskólastjórar halda fagfundum mánaðarlega. Fundarefni vetrarins var gerð starfsmannahandbókar og hafa nú flestir leikskólarnir lokið gerð hennar og er hún komin í fulla notkun í leikskólunum. Bókin á að vera í stöðugri þróun og breytingar verða færðar inn reglulega. Að öðru leyti er samstarf eftir þörfum. Leikskólastjórar af Suðurnesjum ásamt leikskólafulltrúa funda þrisvar til fjórum sinnum á ári.

### Leikskólakennaranám við KHÍ og HA - nemar

Á síðastliðnu skólaári voru 17 leikskólakennaranemar í fjanámi og staðbundnu námi við KHÍ og HA.

Samtals voru 5 nemar úr leikskólaskor KHÍ í verknámi í leikskólum Reykjanesbæjar á sl. starfsári. Gimli var með tvo verknámámsnema á fjórða ári, Heiðarsel og Hjallatún voru með sitt hvorn þriðja árs verknámsmann og Holt var með einn verknámsmann á fjórða ári.

### Samstarf við grunnskóla

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í nokkuð fastar skorður. Misjafnt er þó hversu mikil þessi samvinna er eða í hvaða formi. Horft er til framtíðar með aukinni samvinnu í huga.

Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans. Frá áramótum höfðu börnin í skólahóp unnið ýmis verkefni sérstaklega ætluð til undirbúnings náms í grunnskólanum. Leikskólarnir Gimli og Holt byrjuðu annað árið í röð með börnin í september í skólahópa í samvinnu við Njarðvíkurskóla. Sumir leikskólarnir eru þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í tvo og jafnvel þrjá grunnskóla sem gerir samvinnu flóknari. Þrjú grunnskólanemendur fóru í starfskynningu í tvo leikskóla.

Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu í leikskóla.

### Öryggismál

Brunavarnir Suðurnesja hafa haft umsjón með bruna- og þjófavörnum síðan árið 1998. Í janúar 2002 tók Öryggismiðstöð Íslands við þjónustunni.

Einu sinni á ári eru brunaæfingar í hverjum leikskóla og gerð er rýmingaráætlun fyrir hvern leikskóla. Slökkvitæki eru yfirfarin einu sinni á ári. Í hverjum leikskóla er kosinn öryggisfulltrúi úr röðum starfsmanna

sem sér um að yfirfara húsnæði, lóð, tæki, leikföng og annað í leikskólanum með öryggi barnanna að markmið.

Lögreglan kemur í heimsókn einu sinni á ári. Farið er yfir helst hættur sem ber að varast í umferðinni en lögðu sérstaka áherslu á notkun endurskinsmerkja. Þeir færðu börnum og starfsfólki endurskinsmerki að gjöf.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja kemur í hefðbundna heimsókn í alla leikskólana og gerir úttekt á ástandi lóðar og húsnæðis.

Björgunarveit Suðurnesja fór í leikskólana í desember og fóru yfir þær hættur sem fylgja flugeldum. Börnin fengu öryggisgleraugu að gjöf.

## **Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur og fl.**

*Eftirfarandi námskeið og voru haldin á vegum Skólaskrifstofunnar:*

- Að leysa úr ágreiningi á vinnustað og Einelti á vinnustað. Leiðbeinandi: Rannveig Einarsdóttir. Skólaskrifstofa 11. september. Námskeiðið sóttu 20 starfsmenn. Alls 9 kennslustundir.
- Vinnufélagarými II. hluti. Fyrirlesari var Þór Garðar Þórarinsson. Skólaskrifstofa 12. október. Námskeiðið sóttu 29 starfsmenn. Alls 9 kennslustundir.
- Hljóm/greiningartæki, athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Leiðbeinendur: Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, talmeinafræðingar. Skólaskrifstofa 26. febrúar og 29. mars. Alls 9 Kennslustundir. Námskeiðið sóttu 28 starfsmenn þar af 8 úr nágrannabyggðalögum.
- Deildarstjórar. Leiðbeinandi: Anna Hermannsdóttir, leikskólaráðgjafi. Skólaskrifstofa, 8. og 15. mars. Alls 6,5 kennslustundir. Námskeiðið sóttu 22 starfsmenn.
- SOS námskeið á vegum Félagsvísindastofnunar. Fyrirlesari Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur. Skólaskrifstofa í febrúar og mars. Alls 15 kennslustundir. Námskeiðið sóttu 28 starfsmenn.
- Börn af erlendum uppruna. Fyrirlesari: Kolbrún Vigfúsdóttir, leikskólaráðgjafi. Skólaskrifstofa, 19. apríl. Alls 7,5 kennslustundir. Námskeiðið sóttu 27 starfsmenn þar af 8 úr nágrannabyggðalögum og 2 af Skólaskrifstofu.

*Önnur námskeið og fyrirlestrar sem leikskólakennarar og leiðbeinendur sóttu voru:*

- Kjarnanámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum I. hluti, II. hluti og III. hlutir. MSS. Haldið sept./okt., feb./mars og apríl, alls 74 kennslustundir. Alls sóttu starfsmen námskeiðið.
- Grunnnámskeið í Tákni með tali. Leiðbeinendur: Sigrún Grendal Magnúsdóttir og Jóna Guðbjörg Ingólfssdóttir, talmeinafræðingar. 13. september.
- Mál og tal. Talþjálfun Reykjavíkur. Leiðbeinendur: Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Þóra Másdóttir, talmeinafræðingar. Rúgbrauðsgerðin, 14. september.
- Mál barnsins – okkar mál, námskeið um mál og málörvun. 14. september.
- SOS námskeið á vegum Félagsvísindastofnunar. Leiðbeinandi: Gylfi Jón Gylfason, sálfræðingur. Haldið í mars og apríl.
- Tölvur í starfi með sérkennslubörnum. 1. nóvember.
- Trúnaðarmannanámskeið haldið á vegum Starfsmannafélags Reykjanesbæjar, 28. nóvember.
- Atferlismeðferð. Leiðbeinendur: Sigríður Lóa Jónsdóttir, sálfræðingur, Guðný Stefánsdóttir og Agnes Elíddóttir, þroskaþjálfar. Greiningarstöð ríkisins.
- Tölvunámskeið á vegum Hjallastefnunnar var haldið í Tölvuskóla Hafnafjarðar þann 10. desember.
- Starfsmannaviðtöl á vegum IMG. Leiðbeinandi: Eypór Eðvarðsson.
- Tölvunámskeið – Word, Exel, Power point, Publisher og Internetið. Haldið fyrir stjórnendur leikskóla. Leiðbeinandi: Sigurður Ragnarsson. Tölvuskóli Suðurnesja, 21. nóv.-14.febrúar.
- Heilalömun (Cerebral palsy). Greiningarstöð ríkisins, 25. janúar.
- Einelti. Leiðbeinandi: Stefán Karlsson, leikari. Heiðarskóli, 4. febrúar.
- Stórnun erfiðra viðtala. Leiðbeinendur: Vilmar Pétursson og Linda Bára Lýðsdóttir frá rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtækinu IMG.
- Einhverfa og skyldar þroskaraskanir. Gerðurberg, 5. og 6. febrúar.
- Trúnaðarmannanámskeið. Námskeið haldið á vegum Félags leikskólakennar í Kjarna 5. apríl.
- Viðurkennandi samskipti. Fyrirlesari: Erla S. Magnúsdóttir, leikskólakennari. Hjallatún, 10. apríl

- Kynning í boði Ásbjarnar Ólafssonar á Hótel og Veitingaskóla Íslands. 4. apríl.
- Námskeið á vegum KHÍ og Endurmenntunarfundunar Háskólans sem starfsfólk leikskólanna sóttu:*
- Námskrágerð í leikskóla. Haldið 16. og 19. nóvember.
- Ráðstefnur og málþing sem leikskólakennarar sóttu:*
- Skólalag, haldið í Rúgbrauðsgerðinni 8. september.
  - Hönd í hönd. Foreldraráðstefna á vegum Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjaneshæjar. Haldið 10. nóvember.
  - Gildi athugana og matsaðferða í leikskólastarfi. Haldið á Grand hótél, 21. febrúar.
  - Matur 2002. Íþróttahöll Kópavogs, 18. apríl.

## Lokaorð

Hér hefur verið gerð grein fyrir starfsemi leikskóla Reykjaneshæjar leikskólaárið 2001 – 2002.

Leikskólastarfið gekk vel á síðastliðnu ári. Mun auðveldara er en áður var að ráða starfsfólk í leikskólana. Skortur á leikskólakennurum er þó hinn sami og áður. En sem fyrr sköpuðu veikindi starfsmanna mikið vandamál og er það umhugsunarvert.

Hér á landi er það lögbundið hlutverk sveitarfélaga að reka leikskóla. Í lögnum um leikskóla er þó ekki að finna ákvæði um hversu langan skóladag barn skuli vera né frá hvað aldri börn eiga rétt á leikskólavöl. Það fer eftir metnaði hvers sveitarfélags hversu góða þjónustu það veitir. Þrátt fyrir að þjónusta við foreldra sé mikilvæg má aldrei missa sjónar á því að leikskólinn er fyrsta skólastigið og barnið og þarfir þess eiga alltaf að vera í brennidepi.

Samkvæmt ársyfirliti haustið 2002 voru alls fimm börn á biðlista. Þau börn sem fædd eru 2001 eru ekki inni í þessari tölu. Ástandið má því teljast mjög gott. Þessu veldur að sjálfsögðu hin mikla fjölgun barna í leikskóla samkvæmt breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Hins vegar hefur þetta reynst starfsfólki afar erfitt og þegar barnahópurinn er kominn upp í 28 á deild, þá er starfið farið að þyngjast all verulega.

Á síðastliðnu skólaári voru 19 leikskólakennaranemar í fjarnámi og staðbundnu námi við Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Starfsmenn eins leikskóla fór til útlanda til að skoða og kynna starfsemi leikskóla á Englandi. Var ferðin hin ánægjulegast en skýrsla og upplýsingar um ferðina liggja fyrir í leikskólanum og á Skólaskrifstofunni.

Unnið var við stækkun leikskólans Garðasels á árinu en leikskólinn var stækkaður um 170 m<sup>2</sup> og er nú 746,4 m<sup>2</sup>. Starfsemin hefur farið fram í tveimur aðskildum byggingum og löngu orðið tímabært að gera bragarbót á húsnæði leikskólans. En nú er starfsemin komin undir eitt þak og þykir verkið hafa tekist með ágætum. Einnig var unnið að stækkun bílastæða og hellulögn. Hönnuður hússins er Steinar Geirdal, arkitekt. Verktakafyrirtæki Hjálta Guðmundssonar annaðist bygginguna. Leikskólinn rúmar samtals 112 börn samtímis. Leikskólastjóri er Ingibjörg Guðjónsdóttir. Þá hættu á árinu tvær heiðurskonur, Jóhanna S. Pálsdóttir og Guðrún Á. Þórarinsdóttir, matráðskonur í Garðaseli en þær hafa unnið í eldhúsi leikskólans frá því að hann var stofnaður. Voru þeim færðar þakkir. Skólinn tók til starfa árið 1974.

Skipaður var starfshópur á árinu á vegum Reykjaneshæjar vegna fyrirhugaðrar stækkunar á leikskólanum Holti. Áætlað er að verkið hefjist á árinu 2003.

Könnun vegna sumarleyfislokunar og opnunartíma leikskólanna var unnin að tilmælum bæjarráðs Reykjaneshæjar í október 2001. Svarendur voru foreldrar barna sem byrjuðu í leikskólanum 1. maí 2001 eða fyrr. Spurt var hvernig viðkomandi hefði líkað sumarleyfislokun sl. sumar og hvaða hátt fólk vildi helst hafa á sumarleyfi. Einnig var spurt um opnunartíma. Þátttakendur voru beðnir að koma með athugasemdir. Lítil þátttaka var meðal foreldra í þessari könnun en engin viðhlítandi skýring hefur fengist á því nema þá að foreldrar láti sig þetta engu skipta og séu ánægð með ástandið eins og það hefur verið þ.e.a.s. að leikskólanum sé lokað yfir sumarið. Alls 409 foreldrar fengu spurningarblöð. Svör bárust frá 146 eða 34,7%.

Lokið var við gerð sameiginlegrar starfsmannahandbókar á árinu og unnið var áfram að gerð skólanámskrár en fjórir leikskólar hafa skilað inn skólanámskrá

Samantekt úr ársskýrslum leikskólanna.

Gert í febrúar 2003.

Guðríður Helgadóttir, leikskólafulltrúi.